

háskóla Íslands, og skal stjórn guðfræðisdeildarinnar þá hafa sett reglur fyrir hvernig vöxtunum skuli verja, svo að best megi sæma minningu biskupsins. 35
29. mars

Reykjavík, 7. mars 1927.

Björn Þorláksson.

SAMÞYKT

um

36
1. apríl

sýsluveginn, Línakradalsveg og sýslu og hreppavegi í Vesturhópi.

1. gr.

Vegir þeir er samþykkt þessi nær til eru:

1. *Línakradalsvegur* frá Þjóðveginum hjá Vatnshorni út hlíðina neðan við Þóreyjarnúp og Hörgshól, undir Björgum að Reyðarlæk, þar sem hann rennur í Vesturhópsvatn.
2. *Vesturhópsvegur* frá Vesturhópsvatni út sveitina um Þverá, Vesturhópshóla og Lambhúsvík að Krossanesi.
3. *Vatnsnesbæjarvegur* frá Krossanesi fyrir Háusnös og að hreppsmörkum vestur yfir Tjarnará.
4. *Ásbæjarvegur* af Vesturhópsvegi frá Vesturhópsvatnsenda að hreppsan, austur á Ásabæi.

Línakradals og Vesturhópsvegur teljast sýsluvegir en Vatnsness og Ásabæjarvegur hreppavegir.

2. gr.

Vegir þeir, sem taldir eru í 1. gr. skulu gerðir akfærir svo fljótt sem fje fæst til vegagjörðarinnar.

Skal breidd vega og gerð ákveðast eftir tillögum vegamálastjóra.

Vegi þá sem samþykktin nær til, skal leggja í þeirri röð, sem stjórn vegafjelagsins ákveður í samráði við vegamálastjóra.

3. gr.

Þriðjung af kostnaði þeim, sem ekki fæst úr ríkissjóði, greiðir sýslusjóður Vestur-Húnavatnssýslu. Árlegt tillag úr sýslusjóði skal þó aldrei fara fram úr 1300 kr., nema samþykki sýslunefndar komi til í hvert skifti, og árlegt niðurjafnað gjald á samþyktarsvæðinu skal aldrei fara fram úr kr. 2700,00.

36 Hið sameinaða tillag úr sýslusjóði og samþyktarsvæðinu skal 1. apríl aldrei yfirstíga helming af hinum árlega vegagjörðarkostnaði.

Hina $\frac{2}{3}$ hluta kostnaðarins, auk frjálsra samskota, skulu gjaldskyldir íbúar samþyktarsvæðisins greiða í vegasjóð, sem hjer segir:

- a. Af jarðeignum öllum í Þverárhreppi innan Þórsár, nema Síðu, svo og Þóreyjarnúpur, skal landeigandi greiða fasteignaskatt 10% af virðingarverði lands eða jarðar án húsa en með jarðabótum.
- b. Af jarðeignum í Þverárhreppi utan Þórsár, skal landeigandi greiða 5% af virðingarverði lands eða jarðar án húsa en með jarðabótum.
- c. Hver húsráðandi á samþyktarsvæðinu skal árlega gjalda í vegasjóð fyrir hvern heimilisfastan, verkfæran mann kr. 5,00 gegn endurgreiðslu frá hlutaðeiganda.
- d. Hver, sem á skepnur, sem hann beitir að jafnaði á land það, er nefnt er í staflíð a. og b., skal greiða árlega í vegasjóð:
 1. Af hverri sauðkind alt að 15 aurum.
 2. Af hverju hrossi alt að 75 aurum.
 3. Af hverjum nautgrip alt að 150 aurum.

Hreppstjórar skulu skyldir til að láta í tje árlega fyrir júnílok staðfestan útdrátt úr búnaðarskýrslum til notkunar við útreikning á gjaldinu.

Rjett á landeigandi til að fá árlega frá leiguliða sínum 8% vexti af fje því, er hann hefir greitt af leigulandinu til vegarins.

Heimilt er stjórn vegafjelagsins, sem samþykki aðalfundar, að hækka tekjur fjelagsins undir a. og b. um alt að 25%, fyrir eitt ár í senn, en til frekari hækkunar þarf samþykki atvinnumálaráðuneytisins að fengnum meðmælum sýslufundar.

Sömuleiðis er stjórninni heimilt með samþykki aðalfundar að ákveða gjöldin hlutfallslega lægri fyrir eitt ár í senn.

4. gr.

Kostnað við viðhald vega þeirra, er samþyktn nær til, skal greiða úr sveitarsjóði Þverárhrepps gegn $\frac{1}{3}$ hluta úr sýslusjóði Vestur-Húnavatnssýslu til sýsluveganna beggja. Sýslusjóður greiðir þá engan kostnað við lagningu eða viðhald beggja hreppavegakaflanna.

Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu ábyrgist gagnvart atvinnumálaráðuneytinu, að vegum þessum verði haldið vel við, að dómi vegamálastjóra, eftir að þeir eru fullgerðir.

5. gr.

Allir einstakir menn, er gjalda í vegasjóð, eru til samans fjelag, er nefnist Vegafjelag Vesturhóps. Skal fjelagið eiga með sjer aðalfund árlega síðla vetrar. Á fundi, er samþykkt þessi verður samþykkt til fulln-

ustu, skal kosin 5 manna stjórn fyrir fjelagið. Stjórnin er kosin til 4 ára. Eftir 2 ár ganga 2 úr stjórninni eftir hlutkesti og kys aðal- fundur 2 menn í þeirra stað, en hinn hluti stjórnarinnar fer frá eftir 4 ár. 1. apríl 36

Á aðalfundi skulu rædd fjelagsmál, kosinn endurskoðari, úrskurðaðir reikningar fjelagsins næsta ár á undan, o. s. frv.

6. gr.

Stjórn fjelagsins annast allar framkvæmdir þess, svo sem að útvega menn og annað, sem þarf til vegagerðarinnar, heimta saman tekjur vegarins, semja reikninga fjelagsins og rita þá og glöggva frásögn um það, sem gerist á fundum þess og stjórnarinnar, í gerðabók, er fjelagið skal eiga. Kostnað þann, er flýtur af fjelagsskapnum, skal greiða af tekjum þeim, er nefndar eru í 3. gr. a.—d.

7. gr.

Reikningur yfir vegalagninguna skal, auk þess sem hann er sendur til vegamálastjóra til úrskurðar, árlega lagður fyrir sýslufund Vestur-Húnavatnssýslu til samþyktar.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum alt að kr. 200, er renna í fjelagssjóð.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38, 28. nóvember 1919, staðfestsist hjermeð til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1927.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.